



Hjálparstarf kirkjunnar

Hjálp til sjálfshjálpar

Svona getur þú hjálpað:

Gefðu þegar þig langar til. Farðu á framlag.is og styrktu þau verkefni sem þér líst á. Hringdu í söfnunarnúmer vegna verkefna innanlands: **907 2002** eðavegna verkefna erlendis: **907 2003** og gefðu 2.500 krónur. Þú getur einnig lagt inn á **0334-26-27 kt. 450670-0499**.

Skráðu þig fyrir reglulegu framlagi í síma **528 4400**.

Styrktu barn á Indlandi til náms með mánaðarlegu framlagi, nánari upplýsingar á www.help.is eða í síma **528 4400**.

Mundu eftir gjafabréfunum okkar á www.gjofsemgefur.is þegar þú ferð í afmæli eða annan fagnað og minningarkortunum þegar þú vilt heiðra minningu einhvers. Pantaðu minningarkort á www.help.is eða í síma **528 4400**.

Leyfðu fátækum að njóta einhvers hluta eigna þinna eftir þinn dag. Fáðu bækling hjá okkur sem útskýrir erfðalög hér á landi og hvernig á að standa að arfleiðslu.

Sjálfbóðaliðum sem vilja leggja okkur lið er velkomið að hafa samband.

Upplýsingar um verkefni og ýmislegt tengt þróunarmálum er að finna í blaðinu Margt smátt. Láttu vita ef þú vilt ókeypis áskrift.

Kynntu þér gjafabréfin á gjofsemgefur.is.

www.help.is

help@help.is
528 4400

 **Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.help.is



 **Hjálparstarf
kirkjunnar**
www.help.is



Fátækt og óréttlæti kalla á aðgerðir

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur óháð og sjálfstætt í þágu þeirra sem líða fátækt og óréttlæti utanlands og innan. Við hjálpum til sjálfshjálpar og tölum máli fátækra og undirokaðra. Að draga fram kjör þeirra sem eiga sér ekki málsvara og ýta á aðgerðir sem breyta lífsmöguleikum þeirra er markmið okkar. Við hjálpum þar sem hjálpar er þörf, án tillits til trúar, þjóðernis, litarháttar, kyns eða skoðana. Með aðgerðum okkar viljum við mæta bæði þorpsbúanum á þurrka-svæðum Eþíópíu og þeim sem hefur misst fótanna á Íslandi.

Hér heima

- Inneignarkort í matvöruverslanir fyrir barna-fjölskyldur og þá sem búa utan starfssvæða annarra hjálparstofnana sem gefa mat
- Lyfjaaðstoð
- Gleraugnakaup
- Notuð föt
- Skólagjöld, bækur, tölvur og annar stuðningur við framhaldsskólanema
- Stuðningur við foreldra barna sem hefja nám í grunnskóla
- Námsstuðningur við fullorðna í endurhæfingu
- Fjölskyldu- og einstaklingsráðgjöf
- Fjármálaráðgjöf og stuðningur til hagsýni og sparnaðar
- Markþjálfun

Erlendis

Vatnsverkefni í Afríku

Í Malaví er borað eftir vatni, brunnar handgrafnir og viðhaldi á eldri brunnum sinnt.

Í Úganda eru reistir söfnunartankar fyrir rigningarvatn og í Eþíópíu eru grafnar stórar vatnsprær sem safna rigningarvatni sem dugar í um 4 mánuði inn í þurrkatímann. Fólk á staðnum tekur sjálft virkan þátt í verkefninu frá upphafi.

Stofnaðar eru vatnsnefndir sem fá fræðslu um nýtingu vatnsauðlinda, viðhald og verndun þeirra og um bættar hreinlætisvenjur.

Réttindi kvenna

Á fræðslufundum og námskeiðum eru konur hvattar til þátttöku í frampróun síns svæðis, rætt er um skaðlegar hefðir eins og umskurð kvenna, HIV/alnæmi og gildandi lög sem varða konur og börn. Námskeið eru haldin fyrir konur í að greina atvinnutækifæri, um mikilvægi sparnaðar, endurgreiðslu lána og að auka viðskipti og færa út kvíarnar þegar þar að kemur. Konur geta í framhaldinu fengið lán eftir ákveðið sparnaðartímabil sem þær síðan endurgreiða með sanngjörnum hætti. Með þessu er efnahagslegt sjálfstæði kvenna aukið.

Réttindi barna

Á Indlandi er Hjálparstarfið í samstarfi við mannréttindasamtökin *Social Action Movement* sem vinna meðal stéttlausra á Indlandi sem búa við gríðarlega skert mannréttindi. Börn eru leyst úr skuldaánað og studd til skólagöngu. Stéttarfélag kvenna, stéttarfélag þvottamanna og stéttarfélag frumbyggja hafa verið stofnuð og studd til að ná fram þeim mannréttindum sem lög landsins kveða á um.

Í samstarfi við *United Church of India* og með stuðningi styrktarforeldra á Íslandi fá um 400 börn og unglingar frá fátækum fjölskyldum skólagöngu og vist á heimavist samtakanna.

Í Úganda eru reist hús og vatnstankar fyrir börn sem hafa misst báða foreldra úr alnæmi og þau studd til náms.

Neyðarhjálp

Hjálparstarf kirkjunnar bregst við neyð vegna hamfara og átaka og er aðili að alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, *ACT Alliance*.

